



Spáum 4,4% verðbólgu í júlí

Hagstofan birtir júlímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) föstudaginn 23. júlí. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólgan úr 4,3% í 4,4%.

VNV hækkaði um 0,26% milli mánaða í júní og verðbólgan lækkaði úr 4,4% í 4,3%. Þetta var svipuð breyting og við áttum von á, en við höfðum spáð 0,3% hækkun milli mánaða.

Þeir liðir sem hafa mest áhrif til hækkunar að þessu sinni eru flugfargjöld til útlanda, reiknuð húsaleiga og bensín, á meðan föt og skór og húsgögn og heimilisbúnaður hafa mest áhrif til lækkunar.

Flugfargjöld til útlanda og bensín skýra hærri spá

Þetta er nokkuð meiri breyting milli mánaða en í síðustu spá okkar frá því í júní, en þá gerðum við ráð fyrir að vísitalan yrði óbreytt milli mánaða. Munurinn skýrist af því að bensín hefur hækkað meira en við áttum von á og að við erum að taka inn breytingar á verði á flugfargjöldum til útlanda.

Gerum ráð fyrir 4,1% verðbólgu í október

Við gerum ráð fyrir að VNV hækki svo um 0,3% í ágúst og september og um 0,4% í október. Gangi það eftir mun verðbólga mælast 4,1% í október.


Húsnæðisverð einn stærsti óvissuþátturinn í verðbólguþróun næstu mánaða

Við gerum ráð fyrir að húsnæðisverð í vísitölnni hækki svipað og í júní, eða um 0,8% milli mánaða en að síðan dragi úr hækkunartaktinum og að húsnæðisverð hækki um 0,5% milli mánaða næstu mánuði þar á eftir. Við eigum von á að áhrif vaxtabreytinga til lækkunar milli mánaða fjari alveg út í ágúst.

Húsnæðisverð er einn af lykilóvissuþáttunum í verðbólgu á næstunni. Þær miklu hækkunir sem urðu á húsnæði í vor komu flestum spáaðilum í opna skjöldu og höfðu þær töluverð áhrif á verðbólgu. Verðhækkun á húsnæði í júní var nokkuð minni en í

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14,5%	0,3%	0,05%
Áfengi og tóbak	2,7%	0,0%	0,00%
Föt og skór	3,9%	-4,0%	-0,16%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,7%	0,2%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,6%	0,8%	0,12%
Húsgögn og heimilisb.	6,6%	-1,0%	-0,06%
Heilsa	3,6%	0,2%	0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	3,9%	0,5%	0,02%
Kaup ökutækja	5,4%	-0,6%	-0,03%
Bensín og díselolía	2,9%	3,0%	0,09%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	10,5%	0,15%
Póstur og sími	1,7%	1,0%	0,02%
Tómst. og menning	9,7%	-0,2%	-0,02%
Menntun	0,6%	0,5%	0,00%
Hótel og veitingast.	4,7%	0,4%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	7,1%	0,6%	0,04%
Alls	100,0%		0,27%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond



apríl og maí og gæti það verið ákveðin vísbending um að þessi mikli verðhækkunarkúfur sé að baki.

Til að leggja mat á þessa óvissu á verðlagsþróun á næstu mánuðum er hægt að styðjast við svokallaða Bootstrap-aðferð¹. Í því sambandi er hægt að styðjast við mánaðarlegar breytingar á húsnæðisverði 12 mánuði aftur í tímann. Með því að herma þetta 100 sinnum sést að hæsta gildi verðbólgunnar færi upp í 5% í október að öllu öðru óbreyttu. Lægsta gildi verðbólgunnar yrði hins vegar 4%.

Eigum von minni útsöluáhrifum en síðustu ár

Að jafnaði lækka föt og skór milli mánaða í júlí og janúar vegna útsala og gengur sú lækkan venjulega til baka á næstu tveimur mánuðum þar á eftir. Í júlí í fyrra lækkuðu föt og skór um 3,6% milli mánaða og í janúar í ár um 6,5%. Þar áður hafði þessi liður lækkað um meira en 10% milli mánaða í janúar og júlí samfleytt síðan 2013.


Líkleg skýring á minni útsöluáhrifum nú en áður er aukin verslun Íslendinga innanlands vegna faraldursins. Við reiknum með að útsöluáhrifin í júlí verði ögn meiri en í fyrra, en töluvert minni en árin þar áður.

Flugfargjöldin munu líklegast hækka nokkuð

Annar óvissuþáttur er þróunin á flugfargjöldum til útlanda. Hagstofan hélt þessum lið nánast óbreyttum eftir að faraldurinn hófst enda flugsamgöngur að mestu legið niðri síðustu 12 mánuði. Í maí og júní virðist sem að Hagstofan sé aftur farin að mæla verðbreytingar en 2,4% hækkun mældist í flugfargjöldum í maí og 5,4% hækkun í júní. Við höfum endurskoðað verðbólguþátt okkar fram á við m.t.t. þeirrar þróunar.


Við gerum ráð fyrir að verð á flugmiða muni halda áfram að hækka á 12 mánaða grundvelli. Það sem styður hækkandi verð er fyrst og fremst tvennt. Í fyrsta lagi var verðið fyrir faraldur komið niður fyrir sársaukamörk eftir miklar verðlækkunar árána á undan. Í öðru lagi hefur heimsmarkaðsverð á olíu hækkað mikið undanfarið ár en eldsneyti er í kringum 20% af rekstrarkostnaði flugfélaga. Verð á olíu er í dag um 21% hærra en það var á síðasta heila

Verðbólguþáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Reiknuð húsaleiga



Júlí - október 2021 er spá Hagfræðideildar.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Föt og skór




Júlí 2021 er spá Hagfræðideildar.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

¹ Um er að ræða ákveðna hermun þar sem tekið er úrtak úr þýði. Tala er tekin úr þýðinu og henni skilað aftur. Síðan er aftur tekin tala, henni skilað aftur og svo koll af kolli. Sama tala getur því komið upp oftar en einu sinni í sama úrtakinu. Í hverri hermun er ein tala tekin fyrir júlí, ein fyrir ágúst, ein fyrir september og ein fyrir október.



ársfjórðungnum fyrir faraldur, fjórða fjórðungi
2019.



Júlí - október 2021 er spá Hagfræðideildar.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.